

**Umsögn dómnefndar**  
skv. 4. gr. a laga nr. 15/1998 um dómstóla  
um umsækjendur um embætti dómara við Héraðsdóm  
Reykjavíkur sem auglýst var laust til umsóknar í  
Lögbirtingablaði 12. júní 2015.

Reykjavík, 1. september 2015.

## **1. Umsækjendur um hið auglýsta dómaraembætti**

Með bréfi dags. 20. júlí 2015 fór innanríkisráðuneytið þess á leit við dómnefnd skv. 1. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998 um dómstóla með síðari breytingum að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um embætti dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur, sem auglýst var laust til umsóknar 12. júní 2015 í Lögbirtingablaði. Um er ræða skipun í embættið hið fyrsta eftir að dómnefndin hefur lokið starfi sínu.

Um embættið sóttu Arnar Þór Jónsson, lektor við Háskólann í Reykjavík, Berglind Bára Sigurjónsdóttir, skrifstofustjóri umboðsmanns Alþingis, Hafsteinn Dan Kristjánsson, aðstoðarmaður umboðsmanns Alþingis, Lárentsínus Kristjánsson, hæstaréttarlögmaður, Pétur Dam Leifsson, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, Stefánia G. Sæmundsdóttir, settur saksóknari, og Stefán Erlendsson, héraðsdómslögmaður og lögfræðingur hjá Vegagerðinni.

Umsögn dómnefndar fer hér á eftir.

## **2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á**

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. a, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998 skal dómnefnd láta innanríkisráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti héraðsdómara. Samkvæmt ákvæðinu skal í umsögn dómnefndar tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið, en heimilt er að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna.

Í athugasemdum við 2. gr. frumvarps þess, er varð að 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998, segir m.a. svo: „Við mat á hæfni dómaraefna er til margra atriða að líta, svo sem starfsreynslu á sviði lögfræði, hvort heldur hún er á sviði dómstarfa, málflutnings, annarra lögmannsstarfa, fræðistarfa eða innan stjórnsýslunnar, en almennt verður umsækjandi að hafa til að bera almenna og viðtæka lögfræðilega menntun og þekkingu. Rétt er einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Almennt verður að telja umsækjanda til tekna að hafa yfir að búa fjölbreyttri starfsreynslu, þótt meta verði það hverju sinni. Dómnefndinni er einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í

störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Er í því skyni unnt að líta til fræðirita, reynslu umsækjanda af málflutningi eða þeirra dóma sem umsækjandi kann að hafa samið. Umsækjandi um dómaraembætti verður enn fremur að geta átt góð samskipti við aðra.“

Í lok 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/2008 kemur fram að ráðherra setji að öðru leyti nánari reglur um störf nefndarinnar. Þáverandi dómsmála- og mannréttindaráðherra, nú innanríkisráðherra, setti reglur nr. 620/2010 um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti. Í 4. gr. reglnanna er fjallað um sjónarmið sem nefndin skal byggja mat sitt á og segir þar svo:

„4. gr.

*Sjónarmið sem mat dómnefndar skal byggt á.*

Í umsögn dómnefndar skal tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi eða umsækjendur séu hæfastir til þess að hljóta umrætt dómaraembætti. Dómnefnd skal gæta þess við mat sitt að samræmis sé gætt þannig að jafnraði sé í heiðri haft. Niðurstaðan skal byggð á heildstæðu mati á grundvelli málefnaalegra sjónarmiða og skal þar byggt á verðleikum umsækjenda með hliðsjón af menntun og reynslu, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi, eins og nánar greinir m.a. hér á eftir:

1. *Menntun, starfsferill og fræðileg þekking.* Við mat á menntun, starfsferli og fræðilegri þekkingu skal dómnefndin miða við að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu á sviði lögfræðinnar, s.s. reynslu af dómstörfum, málflutningi eða öðrum lögmannsstörfum, störfum innan stjórnsýslunnar eða fræðistörfum. Miðað skal við að umsækjandi hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og menntun. Þá skal litið til þess hvort umsækjandi hefur stundað framhaldsnám.

2. *Aukastörf og félagsstörf.* Dómnefnd ber einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Loks er heimilt að líta til víðtækrar þátttöku í félagsstarfi.

3. *Almenn starfshæfni.* Við mat á almennri starfshæfni skal litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og

hvort hann eigi auðvelt með skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Æskilegt er að hann hafi reynslu af stjórnun. Umsækjandi skal hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti.

4. *Sérstök starfshæfni*. Mikilvægt er að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

5. *Andlegt atgervi*. Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð er krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.”

Í almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 45/2010 um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum (skipan dómara), er áréttar að í öðrum lögum sé einnig að finna ákvæði sem taka verður tillit til við skipun dómara, svo sem í stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. stjórnarskráinnar skulu allir vera jafnir fyrir lögum og í 2. mgr. hennar segir orðrétt: „Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.” Í 1. mgr. 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er tekið fram að við úrlausn mála skuli stjórnvöld gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti. Ákvæði þetta er áréttar að í upphafi 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 620/2010 sem rakið er hér að framan. Í 2. mgr. 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 kemur fram ákvæði um bann við mismunun þar sem talin eru upp sjónarmið sem ekki má líta til við mat á því hvaða umsækjandi geti talist hæfastur til að gegna starfanum. Í ákvæðinu segir: „Óheimilt er að mismuna aðilum við úrlausn mála á grundvelli sjónarmiða byggðum á kynferði þeirra, kynþætti, litarhætti, þjóðerni, trúarbrögðum, stjórnmálaskoðunum, þjóðfélagsstöðu, ætterni eða öðrum sambærilegum ástæðum.”

Markmið laga nr. 10/2008 er m.a. að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska

hæfileika sína óháð kyni, sbr. 1. gr. þeirra. Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laganna skal starf, sem laust er til umsóknar, standa opið jafnt konum sem körlum og í 1. mgr. 24. gr. þeirra er kveðið svo á um að hvers kyns mismunun á grundvelli kyns, hvort heldur bein eða óbein, sé óheimil. Samkvæmt 2. tölul. 2. gr. laganna telst það óbein mismunun þegar hlutlaust skilyrði, viðmið eða ráðstöfun kemur hlutfallslega verr við annað kynið nema slíkt sé viðeigandi, nauðsynlegt eða réttlætanlegt vegna hlutlægra þátta óháð kyni. Þá ber þess að gæta að Hæstiréttur Íslands hefur talið að lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla yrðu þýðingarlítil, nema meginreglur þeirra við að stemma stigu við mismunun séu skýrðar svo að konu skuli veita starf ef hún er að minnsta kosti jafnt að því komin, að því er varðar menntun og annað sem máli skiptir og karl sem við hana keppir, ef á starfssviðinu eru fáar konur, sbr. dóma réttarins H 1993, 2230, H 1996, 3760, H 1998, 3599 og H 2006, 4891. Á þetta sjónarmið kann almennt að reyna að álti nefndarinnar við ákvörðun ráðherra um veitingu dómaraembættis hafi dómnefnd metið two eða fleiri umsækjendur jafnhæfa til að gegna því.

Loks skal þess getið að í almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 45/2010 um breyting á lögum nr. 15/1998 með síðari breytingum (skipan dómara), er minnt á að í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R(94)12 frá 13. október 1994 um sjálfstæði, skilvirkni og hlutverk dómenda (On the Independence, Efficiency and Role of Judges) kemur fram að allar ákvarðanir um skipun og starfsframa dómara eigi að vera byggðar á hlutlægum sjónarmiðum og byggjast á verðleikum, með hliðsjón af hæfi, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi. Upphafssákvæði 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 620/2010 eru byggð á þessum tilmælum.

### **3. Um málsmeyferð dómnefndar**

Hinn 20. júlí 2015 ritaði dómnefnd umsækjendum tölvubréf og óskaði eftir því að þeir gerðu strax athugasemdir við sérstakt hæfi dómnefndarmanna teldu þeir einhverjar vanhæfisástæður fyrir hendi. Ekki komu þá fram athugasemdir við sérstakt hæfi þeirra nefndarmanna sem fara með mál þetta. Þrír af þeim sem skipaðir hafa verið í dómnefndina, Gunnlaugur Claessen formaður, Allan Vagn Magnússon

og Stefán Már Stefánsson, hafa lýst sig vanhæfa á grundvelli 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 til að taka þá í meðferð umsókna um ofangreint dómaraembætti. Það sama á við um varamenn framangreindra nefndarmanna, Ingibjörgu Benediktsdóttur, Ragnheiði Harðardóttur og Kristínu Benediktsdóttur. Samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands taka Eggert Óskarsson og Jakob R. Möller sæti í nefndinni ad hoc við meðferð málsins og gegnir Eggert jafnframt starfi formanns. Samkvæmt tilnefningu dómstólaráðs tekur Anna Mjöll Karlsdóttir sæti ad hoc við meðferð málsins. Þá sá einn skipaður nefndarmaður, Óskar Sigurðsson, sér ekki fært að taka þátt í starfi nefndarinnar vegna fjarveru og tekur varamaður hans, Guðrún Björk Bjarnadóttir, sæti í nefndinni í hans stað. Nefndarmönum er ekki kunnugt um að neinar ástæður séu fyrir hendi sem valda vanhæfi þeirra í máli þessu.

Dómnefnd átti viðtöl við umsækjendur þann 10. ágúst 2015.

Í athugasemdum við 2. gr. frumvarps þess, er varð að 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998, segir m.a. að dómnefndinni sé einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Samkvæmt 5. gr. reglna nr. 620/2010 getur dómnefnd aflað vitneskju um starfsferil umsækjanda hjá fyrri vinnuveitendum hans og öðrum, sem hafa átt samskipti við umsækjanda vegna starfa hans. Á grundvelli þessa ákvæðis sendi dómnefnd spurningalisti hinn 29. júlí 2015 til þeirra sem umsækjendur höfðu gefið upp sem meðmælendur. Umsækjendum var síðan veitt færi á að tjá sig um svör umsagnaraðilans.

Eins og áður segir fór innanríkisráðuneytið þess á leit við dómnefnd með bréfi dags. 20. júlí 2015 að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda. Barst formanni bréfið þann sama dag. Reiknast sex vikna afgreiðslufrestur nefndarinnar skv. 9. gr. reglna nr. 620/2010, sbr. 8. gr. stjórnsýslulaga, frá þeim degi til 1. september 2015.

Þess skal getið að umsækjendurnir Pétur og Stefanía hafa áður verið metin af dómnefnd sem nú starfar skv. 4. gr. a laga nr. 15/1998, sbr. álit dags. 20. apríl 2015, 23. febrúar 2015, 25. apríl 2014 og 27. febrúar 2014.

Samkvæmt 7. gr. reglna nr. 620/2010 voru umsækjendum send drög að umsögn dómnefndar með tölvubréfum dags. 20. ágúst sl., þar sem þeim var gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau til 27. sama mánaðar, kl. 17.00. Athugasemdir bárust frá öllum umsækjendum að Stefáni undanskildum. Farið var yfir þær á fundum nefndarinnar 31. ágúst og 1. september 2015. Fallist var á réttmæti þeirra um tiltekin atriði og afréð dómnefnd að breyta niðurstöðu sinni frá því sem gert var ráð fyrir í drögum.

#### **4. Almennar upplýsingar um umsækjendur**

Hér á eftir fer stutt ágrip um menntun og reynslu umsækjenda, en 5. kafli hefur að geyma mat dómnefndar á umsækjendum og viðmið á grundvelli þeirra meginþjónarmiða sem reifuð voru í 2. kafla. Upplýsingarnar í þessum köflum eru fyrst og fremst byggðar á umsóknum umsækjendanna. Ekki er greint frá öllu því, sem þeir hafa talið þar upp, heldur getið helstu starfa og viðfangsefna er þeir hafa fengist við auk þess sem leitast hefur verið við að gæta samræmis þeirra á milli þegar gerð er grein fyrir þessum atriðum.

*Arnar Þór Jónsson* er fæddur 2. maí 1971 og er því 44 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1997 og LL.M prófi frá Cambridge háskóla árið 2004. Þá stundaði hann nám við Háskólann í Vínborg frá september 1996 til júní 1997. Umsækjandinn öðlaðist réttindi til málflutnings í héraði árið 1999 og fyrir Hæstarétti Íslands árið 2011. Að loknu laganámi árið 1997 og fram til 1. júlí 1998 starfaði umsækjandinn sem dómarafulltrúi við Héraðsdóm Reykjaness og frá 1. júlí 1998 fram til september 1999 sem aðstoðarmaður dómara við sama dómstól. Á tímabilinu 1999-2000 starfaði umsækjandinn tvívegis í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, fyrst frá febrúar 1999 til júní sama ár, þá í leyfi frá störfum við Héraðsdóm Reykjaness, og aftur frá september 1999 til júní 2000. Þá hóf umsækjandinn störf sem aðstoðarmaður dómara við Hæstarétt Íslands og sinnti því til haustmánaða árið 2004, þar af sem settur skrifstofustjóri frá 1. febrúar 2004 til 1. apríl s.á. Frá vormánuðum og fram á haust 2005 starfaði umsækjandinn sem lögmaður og staðgengill regluvarðar hjá Íslandsbanka. Frá ársbyrjun 2006 og fram til

ársins 2007 starfaði umsækjandinn hjá Logos lögmannsstofu en þá gerðist hann meðeigandi að lögmannsstofu Ragnars Aðalsteinssonar og Sigríðar Rutar Júlfusdóttur og starfaði þar allt til ársins 2012. Tímabilið 1. nóvember 2004 til 28. febrúar 2005 var umsækjandinn settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur og aftur frá 1. febrúar til 30. júní 2014 og í þriðja sinn frá 12. janúar 2015 til 30. júní 2015. Þann 15. október 2011 var umsækjandinn fastráðinn sem sérfræðingur við lagadeild Háskólans í Reykjavík og hefur frá árinu 2014 þjónað sem lektor í lögfræði við sama skóla. Árin 2005 til 2009 sinnti umsækjandinn að auki stundakennslu við Háskólann í Reykjavík og frá 2003 – 2011 sinnti hann stundakennslu við Háskóla Íslands. Þá hefur hann í minna mæli sinnt kennslu við Háskólann á Akureyri, Endurmenntun Háskóla Íslands og Lögregluskóla ríkisins. Á meðal námsgreina sem hann hefur sinnt kennslu í eru stjórnskipunarréttur, lagakenningar, almenn lögfræði og refsiréttur. Þá hefur umsækjandinn birt átta ritrýndar fræðigreinar, einkum á sviði réttarheimspeki, auk þess sem tvær fræðigreinar eftir hann bíða nú birtingar. Þá hefur umsækjandinn sinnt ýmsum stjórnsýslustörfum, m.a. setið í úrskurðarnefnd um atvinnuleysistryggingar árin 2005-2007 og sem varamaður í kærunefnd jafnréttismála frá árinu 2011 þar sem hann hefur tvívar tekið sæti.

*Berglind Bára Sigurjónsdóttir* er fædd 25. ágúst 1981 og er því 34 ára. Hún lauk embættisþrófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2006. Að loknu laganámi hóf hún störf sem lögfræðingur hjá embætti umsboðsmanns Alþingis og hefur starfað þar óslitið síðan, þar af frá ársbyrjun 2010 sem löglærður skrifstofustjóri. Umsækjandinn hefur frá árinu 2008 sinnt stundakennslu í opinberum starfsmannarátti á meistararstigi við lagadeild Háskóla Íslands og frá árinu 2012 stundakennslu í námskeiðinu mannauðstjórnun ríkis og sveitarfélaga við stjórnmálafræðideild sama skóla. Að auki hefur hún verið leiðbeinandi níu nemenda við lagadeild Háskóla Íslands við ritun BA-ritgerða og eins nemanda við ritun meistararitgerðar. Þá hefur hún frá árinu 2011 komið að kennslu á námskeiði í stjórnsýslurétti á vegum stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála. Umsækjandinn hefur haldið ýmsa fyrirlestra, þ.á m. fyrir nýliða í starfi hjá Háskóla Íslands og hjá Þjóðskjalasafni Íslands um skráningu mála. Eftir umsækjandann liggur ein ritrýnd fræðigrein á sviði opinbers starfsmannaráttar. Þá ritaði umsækjandinn nokkra kafla í

bók um opinberan starfsmannarétt sem enn er í vinnslu en hefur verið gefin út í fjöldi til kennslu við lagadeild Háskóla Íslands. Þá sat umsækjandinn í ritnefnd Afmælisrits Tryggva Gunnarssonar sem kom út árið 2015.

*Hafsteinn Dan Kristjánsson* fæddist 14. desember 1984 og er því 30 ára. Hann lauk BA-prófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands árið 2007 og meistaraprófi frá sama skóla árið 2009. Þá lauk hann meistaraprófi frá Oxford háskóla árið 2012 og LL.M prófi frá Harvard háskóla árið 2013. Að loknu laganámi hóf umsækjandinn störf sem lögfræðingur hjá embætti umboðsmanns Alþingis þar sem hann hefur starfað óslitið síðan, að frátoldu tveggja ára tímabili er hann stundaði nám erlendis, þar af frá júní 2013 sem aðstoðarmaður umboðsmanns Alþingis. Umsækjandinn hefur frá árinu 2013 gegnt stöðu aðjúnkts við lagadeild Háskóla Íslands en sinni þar áður stundakennslu í lögfræði við sama skóla árin 2009-2013. Á meðal námsgreina sem hann hefur sinnt kennslu í eru almenn lögfræði, inngangur að lögfræði, stjórnsýsluréttur, Evrópuréttur og lögskýringar, auk þess að vera leiðbeinandi með BA – ritgerðum. Þá hefur umsækjandinn komið að kennslu í stjórnsýslurétti fyrir opinbera starfsmenn. Umsækjandinn hefur talsvert sinnt fræðistörfum og ritstörfum um lögfræðileg efni, en eftir hann hafa birst ellefu ritrýndar fræðigreinar, flestar á sviði stjórnsýsluréttar en einnig á sviði almennrar lögfræði, lögskýringafræði og eignaréttar. Þá gaf hann í júlí 2015 út bókina „Að iðka lögfræði. Inngangur að hinni lagalegu aðferð.“ Þá hefur umsækjandinn haldið nokkra fyrillestra á opinberum vettvangi, þ. á m. á lagadeginum, Þjóðarspeglinum og á hátiðarmálþingi Orators.

*Lárentsínus Kristjánsson* fæddist 14. desember 1963 og er því 51 árs. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1990. Þá hefur hann sótt endurmenntunarnámskeið hjá Lögmannafélagi Íslands og endurmenntun Háskóla Íslands. Umsækjandinn öðlaðist réttindi til málflutnings í héraði árið 1993 og fyrir Hæstarétti Íslands árið 2004. Umsækjandi fékk útgifið leyfi sem löggiltur fasteignasali 1999 en lagði þau réttindi inn í lok apríl 2002. Að loknu laganámi árið 1990 og fram til loka marsmánaðar 1991 starfaði umsækjandinn sem deildarlögfræðingur í lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins. Þá starfaði umsækjandinn sem fulltrúi lögmanns á Lögfræðistofu Suðurnesja frá 1. apríl 1991-1993. Árið 1994 gerðist umsækjandi meðeigandi að Lögfræðistofu Suðurnesja og

starfaði þar allt til ársins 2006. Hann var meðeigandi að Lögfræðistofu Reykjavíkur frá sumri 2006 til vors 2013. Frá október 2008 til júní 2009 starfaði hann hjá skilaneftnd Landsbanka Íslands en sinnti hefðbundnum lögmannsstörfum meðfram því starfi. Í júní 2009 var hann skipaður formaður skilaneftnar Landsbanka Íslands og gegndi því starfi til ársloka 2011. Frá árinu 2013 hefur umsækjandinn rekið eigin lögmannsstofu, Lögmenn Strandgötu. Umsækjandinn hefur annast stundakennslu í lögfræði á árunum 1996-2001. Þá hefur umsækjandinn sinnt ýmsum stjórnsýslustörfum, m.a. sinnt formennsku í umsjónarnefnd fólksbifreiða á höfuðborgarsvæðinu árin 1995-2002, formennska í nefnd um stöðu og þátttöku útlendinga í íslensku samfélagi 1995-1997 og formennsku í mönnunarnefnd fiskiskipa 2004-2006, varaformaður rannsóknarnefndar sjóslysa, auk annarra nefndastarfa. Umsækjandinn sinnti um fimm ára skeið, árin 2005-2010, trúnaðarstörfum fyrir Lögmannafélag Íslands og var formaður félagsins árin 2008-2010.

**Pétur Dam Leifsson** er fæddur 27. apríl 1968 og er því 46 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2000 og LL.M námi frá Erasmus University Rotterdam 2002 í þjóðarétti. Árið 2005 lauk hann aftur LL.M námi frá sama skóla í alþjóðaviðskiptarétti sem er innan sviðs þjóðaréttar. Fyrir laganám lauk hann B.A. prófi í sagnfræði og B.A. prófi í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands árið 1996. Umsækjandinn öðlaðist réttindi til málflutnings í héraði 2002. Að loknu laganámi starfaði hann sumarið 2001 sem lögfræðingur í afleysingum hjá lögfræði- og ákærusviði löggreglustjórans í Reykjavík en réði sig sem löglærður aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur í september 2001 og starfaði hann þar fram til nóvember 2004. Sumarið 2004 leysti hann af skrifstofustjóra Héraðsdóms Reykjavíkur. Frá apríl 2005 til ágúst 2005 starfaði hann sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra í hlutastarfi. Umsækjandinn starfaði sem lektor í fullu starfi við Háskólann á Akureyri frá janúar 2005 til janúar 2007 en í hlutastarfi frá þeim tíma og fram í desember 2008. Í janúar 2009 var hann ráðinn sem dósent við Háskólann á Akureyri og sinnti því starfi til september 2013. Hann starfaði sem lektor við Háskóla Íslands frá því í janúar 2007 til desember 2008, en dósent við sama skóla frá janúar 2009. Pétur hafði verið stundakennari við lagadeild HÍ frá árinu 2001

til 2006, auk þess að vera stundakennari við Háskólan á Bifröst 2006 - 2012. Í Háskóla Íslands hefur hann m.a. annast umsjón og kennslu í fjölda sérhæfðra námskeiða er varða alþjóðalög, sem og kennslu og umsjón með grunnámskeiðum í B.A. námi. Við Háskólan á Akureyri hefur hann sinnt kennslu, rannsóknum og stjórnun, auk þess að koma að uppbyggingu á meistaranámi. Jafnframt kennslustarfi sínu við Háskólan á Akureyri gegndi hann aukastarfi sem lögfræðingur háskólans. Þá hefur hann einnig komið að umsjón og kennslu námskeiða og haldið fjölda fyrirlestra við aðrar háskólastofnanir, m.a. Kaupmannahafnarháskóla, Erasmus háskólan í Rotterdam, Háskólan í Vínborg, Fróðskaparsetrið í Færejum auk hérlandra skóla. Hann var settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur í tíu mánuði á árinu 2014. Sumarið 2015 kenndi hann á námskeiði á sviði hafréttar í Ohio Northern University í Bandaríkjunum. Umsækjandinn hefur talsvert sinnt fræðistörfum og ritstörfum um lögfræðileg efni, en eftir hann liggja 20 ritrýndar greinar um efni varðandi alþjóðalög og þjóðarétt sem hafa birst í ýmsum tímaritum og köflum. Hann gaf einnig út ritið „Þjóðaréttur“ árið 2011 ásamt Björgu Thorarensen, prófessor, en umsækjandinn var aðalhöfundur kafla 1-5, 9-10 og 12. Umsækjandinn var auk þessa formaður rannsóknar- og meistaranámsnefndar lagadeildar HÍ 2009-2010 og aftur frá 2013 til febrúar 2014, hefur setið í stjórn Hafréttarstofnunar Íslands frá 2012, verið varamaður í nefnd um dómarastörf frá 2013, varamaður í stjórn Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands frá árinu 2007, sat í ví sindanefnd félagsvísindasviðs HÍ frá 2013 til 2014 og hefur setið í Færejanefnd HÍ frá 2012. Hann sat einnig í kennslunefnd félagsvísindasviðs HÍ 2009-2010 og var formaður siðanefndar HA 2006-2009. Þá hefur hann setið í dómnefndum vegna framgangs eða ráðningar háskólkennara fyrir lagadeild HÍ og einnig verið í samskonar nefndum fyrir lagadeild HR og lagadeild Kaupmannahafnarháskóla. Þá hefur hann unnið að því að meta umsóknir um sameiginlegt doktorsnám við lagadeildir HÍ og Kaupmannahafnarháskóla. Hann var skipaður varamaður í kærunefnd útlendingamála frá 26. janúar 2015. Þá hefur hann sinnt fyrirspurnum frá nefndasviði Alþingis og ráðuneytum, veitt fyrirtækjum, félagasamtökum og lögmannsstofum ráðgjöf og verið tilkvaddur sem sérfræðivitni fyrir dómstóli í Englandi. Hann hefur verið dómari í TELDERS málflutningskeppninni sem fer fram árlega í Haag í

Hollandi, haldið utan um þátttöku liðs lagadeildar HÍ í Jessup málflutningskeppninni í Washington og verið í stjórn Félags lögfræðinga á Norður- og Austurlandi árin 2006-2007.

*Stefanía Guðrún Sæmundsdóttir* fæddist 13. mars 1967 og er því 48 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1992. Réttindi til málflutnings í héraði öðlaðist hún 1995. Þá hefur hún sótt tvö námskeið á vegum Lögregluskóla ríkisins. Að loknu laganámi hóf hún störf sem fulltrúi sýslumannsins í Reykjavík og starfaði þar til 2000. Í þrjá mánuði á árunum 1996 til 1997 vann hún í afleysingum á einkamálaskrifstofu í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Árin 2000 til 2002 starfaði umsækjandinn sem héraðsdómslögmaður á lögmannsstofu. Frá 2002 til 2004 var hún í fimmtán mánuði lögfræðingur á ákæru- og lögfræðisviði lögreglustjórans í Reykjavík og fór þar m.a. með stjórn lögreglurannsókna og saksókn fyrir héraðsdómi. Hún gegndi sama starfi aftur í átta mánuði á árinu 2006. Þá var hún lögfræðingur hjá Tryggingastofnun ríkisins, fæðingarorlofsdeild, frá 2004 til 2006 í rúmlega tvö ár. Um tæplega fjögurra ára skeið 2007 til 2010 starfaði hún sem lögfræðingur hjá úrskurðarnefnd almannatrygginga þar sem hún annaðist undirbúning og samning úrskurða nefndarinnar vegna kærðra ákvarðana. Í rúmlega eitt ár 2010 til 2012 starfaði umsækjandinn sem héraðsdómslögmaður á lögmannsstofu og sinnti þar almennum lögmannsstörfum auk starfs fyrir úrskurðarnefnd samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, einkum við undirbúning og samning úrskurða nefndarinnar. Þá hefur hún setið í hverfiskjörstjórn við sveitarstjórnar- og Alþingiskosningar. Frá 1. febrúar 2012 og fram til 30. júní 2015 starfaði umsækjandinn sem settur saksóknari við embætti ríkissaksóknara.

*Stefán Erlendsson* fæddist 29. júlí 1965 og er því 50 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1992. Réttindi til málflutnings í héraði öðlaðist hann 1996. Árið 2008 stundaði hann framhaldsnám við lagadeild Kaupmannahafnarháskóla. Þá hefur umsækjandinn stundað L.L.M nám í alþjóðlegum umhverfis- og auðlindarétti við Háskóla Íslands frá 2013. Frá því umsækjandi lauk laganámi árið 1996 hefur hann starfað sem lögfræðingur og síðar lögmaður fyrir Vegagerðina, á árunum 2004-2015 gegndi hann starfi forstöðumanns

lögfræðideildar Vegagerðarinnar og á árunum 1997-2004 gegndi hann starfi forstöðumanns lögfræði- og starfsmannadeildar Vegagerðarinnar. Þá hefur umsækjandinn sinnt ýmsum nefndarstörfum, m.a. sem fulltrúi í nefnd um verkaskiptingu milli Vegagerðarinnar og Samgöngustofu, fulltrúi í nefnd um samningu frumvarps til girðingalaga og sem fulltrúi í nefnd um búfé á vegsvæðum.

## 5. Mat á umsækjendum.

### 5.1. Menntun og framhaldsmenntun

Allir umsækjendur hafa lokið embættisprófi eða meistaraprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands, en þær prófgráður eru að öllu leyti jafngildar.

*Arnar* hefur til viðbótar embættisprófi í lögum lokið LL.M prófi frá Cambridge University. Þá hefur hann einnig stundað nám við lagadeild Háskólans í Vínborg.

*Berglind* hefur lokið embættisprófi frá Háskóla Íslands.

*Hafsteinn* hefur til viðbótar meistaraprófi í lögum frá Háskóla Íslands lokið meistaraprófum frá lagadeildum Oxford háskóla og Harvard háskóla.

*Lárentsínus* hefur lokið embættisprófi frá Háskóla Íslands. Þá hefur hann sótt mörg endurmenntunarnámskeið hjá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og Lögmannafélagi Íslands.

*Pétur* hefur til viðbótar embættisprófi í lögum tvívegis lokið prófi með meistaragráðu frá Erasmus University Rotterdam. Áður en hann lauk embættisprófi í lögum frá Háskóla Íslands átti hann að baki B.A. próf í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands og einnig í sagnfræði frá sama skóla.

*Stefanía* hefur lokið embættisprófi frá Háskóla Íslands og sótt tvö námskeið á vegum Löggregluskóla ríkisins.

*Stefán* hefur lokið embættisprófi frá Háskóla Íslands. Hann stundaði framhaldsnám við lagadeild Kaupmannahafnarháskóla og lauk þar prófum í þremur námskeiðum. Hann stundar framhaldsnám í alþjóðlegum umhverfis- og auðlindarrétti við lagadeild Háskóla Íslands með vinnu. Hann hefur sótt mörg endurmenntunarnámskeið bæði hjá Háskóla Íslands og Lögmannafélagi Íslands.

Samkvæmt framandgreindu stendur Pétur öðrum umsækjendum framar í þessum þætti hæfnismats með tvöfalda meistaragráðu í framhaldsnámi auk annarra háskólaprófa. Næstur honum kemur Hafsteinn sem einnig hefur lokið tveimur meistaraprófum í framhaldsnámi. Þá hefur Arnar til viðbótar embættisprófi í lögum lokið meistaraprófi í framhaldsnámi.

### *5.2. Reynsla af dómstörfum*

*Arnar* var dómarafulltrúi við Héraðsdóm Reykjanés að loknu laganámi 1997 til 1. júlí 1998 er lög um dómstóla tóku gildi en eftir það aðstoðarmaður dómara við sama dómstól til septembermánaðar 1999. Á tímabilinu 2000 til 2004 var Arnar aðstoðarmaður dómara við Hæstarétt Íslands. Hann hefur verið settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur í tæplega 15 mánuði alls, fyrst í fjóra mánuði 2004 til 2005 og tvísvar eftir það á árunum 2014 og 2015 í 11 mánuði.

*Berglind, Hafsteinn, Lárentsínus, Stefánía og Stefán* hafa ekki reynslu af dómstörfum.

*Pétur* var settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur í 10 mánuði á árinu 2014. Þá var hann aðstoðarmaður héraðsdómara í Reykjavík 2001 til 2004 í rúmlega þrjú ár og sem næst fjóra mánuði í hlutastarfi á Akureyri samhliða háskólakennslu.

Samkvæmt framansögðu hafa einungis tveir umsækjenda, þeir Arnar og Pétur, reynslu af dómstörfum. Starfsreynsla þeirra við héraðsdómstóla er áþekk, en Arnar hefur það umfram Pétur í þessum þætti að hafa verið aðstoðarmaður dómara við Hæstarétt Íslands í fjögur ár.

### *5.3. Reynsla af lögmannsstörfum*

Af umsækjendunum hafa Arnar, Lárentsínus, Pétur, Stefánía og Stefán aflað sér réttinda sem héraðsdómslögmenn en Arnar og Lárentsínus hafa öðlast réttindi sem hæstaréttarlögmenn.

*Arnar* öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 1999 og málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti Íslands 2011. Frá ársbyrjun 2006 og fram til ársins 2007 starfaði hann hjá Logos lögmannsstofu en þá gerðist hann meðeigandi að

lögmannsstofu Ragnars Aðalsteinssonar og Sigríðar Rutar Júlíusdóttur og starfaði þar allt til ársins 2012.

Á lögmannsferli sínum hefur Arnar fengist við margar tegundir mála og unnið að ráðgjöf og hagsmunagæslu fyrir fjölbreyttan hóp umþjóðenda. Hann hefur flutt mál bæði fyrir héraðsdómstórum og Hæstarétti Íslands, auk þess sem hann hefur sent erindi til Mannréttindadómstóls Evrópu. Hann fór með alls 18 mál fyrir Hæstarétti og voru sum þessara mála mjög umfangsmikil og vörðuðu verulega hagsmuni.

*Berglind, Hafsteinn og Pétur* hafa ekki reynslu af störfum á lögmannsstofu.

*Lárentsínus* öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 1993 og málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti Íslands 2004. Hann starfaði sem fulltrúi lögmanns á Lögfræðistofu Suðurnesja frá 1. apríl 1991- 1993. Árið 1994 gerðist hann meðeigandi að Lögfræðistofu Suðurnesja og starfaði þar allt til ársins 2006. Hann var meðeigandi að Lögfræðistofu Reykjavíkur frá sumri 2006 til vors 2013. Frá október 2008 til júní 2009 starfaði hann hjá skilanefnd Landsbanka Íslands en sinnti hefðbundnum lögmannsstörfum meðfram því starfi. Í júní 2009 var hann skipaður formaður skilanefndar Landsbanka Íslands og gegndi því starfi til ársloka 2011. Frá árinu 2013 hefur umsækjandinn rekið eigin lögmannsstofu, Lögmenn Strandgötu. Hann hefur fengist við mál af margvíslegum toga og flutt mikinn fjölda mála bæði fyrir héraðsdómstórum og Hæstarétti Íslands á lögmannsferli sínum. Í störfum sínum í skilanefnd Landsbanka Íslands um rúmlega þriggja ára skeið fékkst Lárentsínus við flókin lögfræðileg úrlausnarefni einkum varðandi ýmsa fjármálagerninga sem gerðir voru í tengslum við fall bankans. Var þar meðal annars um að ræða samninga á milli gamla og nýja bankans um uppgjör vegna þeirra eigna, einkum lánasafna, sem færð voru yfir frá gamla bankanum til hins nýja við hrunið, samninga sem gerðir voru vegna sölu á stórum eignarhlutum í erlendum félögum o.fl.

*Stefanía* starfaði sem héraðsdómslögmaður í tæp tvö ár 2000 til 2002 á lögmannsstofu og í framhaldi af því í 15 mánuði á ákærur- og lögfræðisviði lögreglustjórans í Reykjavík þar sem hún fór meðal annars með saksókn fyrir héraðsdómi. Sama starfi gegndi hún í átta mánuði árið 2006. Í síðastnefndu starfi vann hún samhliða önnur verkefni, sbr. einkum lið 5.4. Fram hefur komið að

málflutningsþáttur starfans hafi á fyrra tímabilinu verið fyrirferðarminni en stjórnsýslustörf, en skipting starfa að þessu leyti hafi verið nokkuð jöfn á því síðara. Hinu sama gegni um núverandi starf hennar. Þá vann hún í hlutastarfi í rúmlega eitt ár sem héraðsdómslögmaður á lögmannsstofu á tímabilinu 2010 til 2012. Frá febrúar 2012 til 30. júní 2015 hefur hún verið settur saksóknari við embætti ríkissaksóknara og flutt fjölda mála bæði fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

*Stefán* öðlaðist réttindi til málflutnings í héraði 1996. Frá þeim tíma hefur hann starfað sem lögmaður fyrir Vegagerðina og flutt mál fyrir héraðsdómstólum, á árunum 2004-2015 gegndi hann starfi forstöðumanns lögfræðideildar Vegagerðarinnar og á árunum 1997-2004 gegndi hann starfi forstöðumanns lögfræði- og starfsmannadeildar Vegagerðarinnar. Í starfi lögmanns Vegagerðarinnar hefur m.a. falist að annast samningsgerð, ráðgjöf, meðferð skaðabótakrafna, eignarnám, munnlegan og skriflegan málflutning dómsmála og kærumála fyrir ráðuneytum og úrskurðarnefndum, umsjón og stýring á aðkeyptri lögmannsþjónustu auk samstarfs við lögmenn frá Embætti ríkislögmanns.

Samkvæmt framansögðu hefur Arnar verið starfandi lögmaður í u.p.b. sjö ár og fengist við mál af ýmsum toga. Hann hefur flutt mál bæði fyrir héraðsdómstólum og Hæstarétti Íslands. Lárentsínus á yfir 20 ára lögmannsferil að baki við margvísleg og fjölþaett viðfangsefni og starfaði hann jafnframt í skilanefnd Landsbanka Íslands í rúm þrjár. Stefanía hefur starfað sem héraðsdómslögmaður á lögmannsstofum í samtals þrjú ár, ýmist í fullu starfi eða hlutastarfi. Að auki hefur hún flutt sakamál fyrir héraðsdómi og Hæstarétti í störfum sínum fyrir ákæruvald um fimm og hálfss árs skeið. Leggja má til grundvallar að liðlega helmingur starfstíma hennar fyrir ákæruvald hafi farið í önnur viðfangsefni en málflutningsstörf. Stefán hefur í starfi sínu hjá Vegagerðinni annast munnlegan og skriflegan málflutning fyrir héraðsdómi, matsnefnd eignarnámsbóta, úrskurðar- og kærunefndum og ráðuneytum á starfssviði sínu.

Að öllu virtu telst Lárentsínus standa fremst umsækjenda í þessum þætti hæfnismats, en næst honum kemur Arnar og þá Stefanía.

#### *5.4. Reynsla af stjórnsýslustörfum*

Hér á eftir verða rakin helstu stjórnsýslustörf sem umsækjendur hafa haft með höndum.

*Amar* starfaði á tímabilinu 1999-2000 tvívegis í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, fyrst frá febrúar 1999 til júní sama ár og aftur frá september 1999 til júní 2000. Þar vann hann við úrskurði, skýrslugerð og stjórnsýslufyrirmæli. Á starfsferli sínum hefur hann setið í fjölda stjórnsýslu- og úrskurðanefnda. Á árinu 1999 var hann skipaður sem formaður nefndar um miðlun lagagagna á netinu, en vefsíðan réttarheimild er afrakstur þeirrar vinnu. Þá hefur hann m.a. setið í úrskurðarnefnd um atvinnuleysistryggingar árin 2005-2007 og sem varamaður í kærunefnd jafnréttismála frá árinu 2011 þar sem hann hefur tvisvar tekið sæti.

*Berglind* hóf að loknu laganámi 2006 störf sem lögfræðingur hjá embætti umboðsmanns Alþingis og hefur starfað þar óslitið síðan, þar af frá ársbyrjun 2010 sem löglærður skrifstofustjóri. Í störfum hennar sem lögfræðingur fólst að fjalla um alls konar kvartanir sem umboðsmanni bárust og taka afstöðu til úrvinnslu þeirra. Í upphafi þurfi að leggja mat á hvort einstakar kvartanir falli undir staffsvið umboðsmanns og hvort skilyrðum sé að öðru leyti fullnægt til frekari umfjöllunar af hálfu hans. Að lokinni þeirri greiningarvinnu séu lögð drög að frekari vinnslu málsins sem felist eftir atvikum í ritun fyrirspurnarbréfa til stjórnvalda, lokabréfa eða álita. Til viðbótar við fyrrgreind verkefni felst í starfi skrifstofustjóra stjórnun og umsjón með vinnslu þeirra mála sem eru til meðferðar hjá umboðsmanni. Hlutverk skrifstofustjóra er að hafa umsjón með úrvinnslu nýrra kvartanna sem berast embættinu, leggja mat á það hver skuli vera fyrstu skref í málum og fylgjast með vinnslu þeirra, veita öðrum lögfræðingum leiðbeiningar og aðstoð eftir þörfum og taka afstöðu til fyrirliggjandi draga að fyrirspurnarbréfum eða lokabréfum.

*Hafsteinn* hefur öðlast töluberða reynslu í stjórnsýslustörfum á starfstíma sínum hjá umboðsmanni Alþings, þar sem hann hefur verið í fullu starfi sem lögfræðingur í fjögur og hálft ár. Hann hefur unnið þar að fjölmörgum úrlausnum og í mörgum þeirra skrifað drög nánast frá grunni. Í öðrum málum hefur hann yfirfarið, gert athugasemdir, breytt eða endursamið hluta af drögum sem aðrir lögfræðingar hafa samið. Hann hefur sem aðstoðarmaður unnið náið með umboðsmanni að

afgreiðslu þeirra mála sem umboðsmaður fjallar um og vinnur að lokaafgreiðslu mála með honum. Við úrlausn mála hjá umboðsmanni reynir ekki aðeins á skráðar og óskráðar reglur stjórnsýsluréttar heldur einnig á fjölbreytt lögfræðileg álitaefni á mörgum sviðum.

*Lárentsínus* sinnti stjórnsýslustörfum í starfi sínu sem deildarlögfræðingur í lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins á starfstíma sínum þar á árunum 1990 og 1991. Þá hefur hann sinnt ýmsum stjórnsýslustörfum, m.a. sinnt formennsku í umsjónarnefnd fólksbifreiða á höfuðborgarsvæðinu árin 1995-2002, formennsku í nefnd um stöðu og þátttöku útlendinga í íslensku samfélagi 1995-1997 og formennsku í mönnunarnefnd fiskiskipa 2004-2006. Þá var hann formaður skilanefndar Landsbankans í tvö og hálft ár.

*Pétur* starfaði eitt sumar sem lögfræðingur í afleysingum hjá lögfræði- og ákærusviði löggreglustjórans í Reykjavík. Hann hefur haft umsjón með námskeiðum í Háskóla Íslands er varða alþjóðalög og í grunnnámskeiðum í B.A. námi. Í Háskólanum á Akureyri sinnti hann uppbyggingu í meistaranámi og hefur komið að umsjón námskeiða við erlendar háskólastofnanir. Jafnframt kennslustarfi sínu við Háskólann á Akureyri gegndi hann aukastarfi sem lögfræðingur háskólans. Þá á hann ýmist sæti eða er varamaður í stjórn eftirtalinna stofnana og í eftirtöldum nefndum: Hafréttarstofnunar Íslands, nefndar um dómarastörf, Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands, rannsóknar- og meistaranámsnefndar lagadeildar HÍ, kennslunefndar félagsvíssindasviðs HÍ, Færeypefnar HÍ, kærunefndar útlendingamála og siðanefndar Háskólans á Akureyri. Undanfarið hefur hann tekið virkan þátt í starfi kærunefndar útlendingamála og nefndar um dómarastörf. Þá sat hann um skeið í stjórn Félags lögfræðinga á Norður- og Austurlandi. Hann hefur setið í dómnefndum vegna framgangs eða ráðningar kennara við lagadeildir Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík og Kaupmannahafnarháskóla og unnið að því að meta umsóknir um sameiginlegt doktorsnám lagadeilda Háskóla Íslands og Kaupmannahafnarháskóla. Þá hefur hann verið dómari í árlegri málflutningskeppni í Hollandi og stýrt liði lagadeilda HÍ í málflutningskeppni í Bandaríkjunum.

*Stefanía* vann sem fulltrúi sýslumannsins í Reykjavík 1992 til 2000 að þremur mánuðum undanskildum meðal annars við þinglýsingar, sifja-, skipta- og erfðamál og verkefni yfirlögráðanda. Á nefndu þriggja mánaða tímabili 1996 til 1997 starfaði hún á einkamálaskrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytis. Hún fór með stjórn löggreglurannsókna og sinnti fleiri stjórnsýsluverkefnum auk vinnu við málflutningsstörf hjá löggreglustjóranum í Reykjavík í fimmtán mánuði og aftur í átta mánuði síðar. Í rúmlega tvö ár vann hún við fæðingarorlofsmál hjá Tryggingastofnun og í tæplega fjögur hjá úrskurðarnefnd almannatrygginga, meðal annars við að undirbúa og semja drög að úrskurðum vegna kærðra ákvarðana Tryggingastofnunar og Sjúkratrygginga Íslands. Þá sat hún um árabil í úrskurðarnefnd skv. lögum um tæknifrjóvgun. Sem settur saksóknari síðustu þrjú og hálft ár hefur hún samhliða vinnu við málflutningsstörf sinnt ýmsum stjórnsýsluverkefnum, meðal annars að leggja mat á rannsókn mála, afgreiða kærðar ákvarðanir löggreglustjóra o.fl. Á árunum 2010 til 2012 starfaði hún í rúmlega eitt ár samhliða lögmennsku í hlutastarfi fyrir úrskurðarnefnd skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, einkum við að undirbúa og semja drög að úrskurðum nefndarinnar.

*Stefán* hefur sinnt ýmsum stjórnsýslutengdum verkefnum í störfum sínum fyrir Vegagerðina. Má þar helst nefna: Ákvarðanir um beitingu eignarnámsheimildar, ákvarðanir um réttindi og kvaðir tengdar vegalögum, leyfisveitingar ýmiskonar, álitaefni á sviði skipulagsmála og laga um mat á umhverfisáhrifum, meðferð mála fyrir úrskurðarnefndum, samskipti við ráðuneyti, stofnanir og Alþingi, samning lagafrumvarpa og reglugerða, umsagnir um erindi, lagafrumvörp, reglugerðir o.fl., vinna við verklagsreglur og leiðbeiningar um framkvæmd laga. Þá hefur hann sinnt ýmsum nefndarstörfum, m.a. sem fulltrúi í nefnd um verkaskiptingu milli Vegagerðarinnar og Samgöngustofu, fulltrúi í nefnd um samningu frumvarps til girðingalaga og sem fulltrúi í nefnd um búfé á vegsvæðum.

Allir umsækjendur hafa samkvæmt framangreindu reynslu af stjórnsýslustörfum þótt í mismiklum mæli sé og á ólíkum vettvangi. Verður litið til þess hve lengi þeir hafa starfað við stjórnsýslu og jafnframt til eðlis starfanna.

Stefanía starfaði að loknu námi í tæp átta ár sem fulltrúi sýslumannsins í Reykjavík. Þá fór hún með stjórn rannsókna hjá löggreglu í tæp tvö ár auk fleiri stjórnsýslustarfa. Þá hefur hún sinnt stjórnsýsluverkefnum af skyldum toga hjá ríkissaksóknara í þrjú og hálft ár samhliða vinnu við málflutningsstörf. Hún á að baki rúmlega tveggja ára starf hjá Tryggingastofnun og starfaði í tæplega fjögur ár hjá úrskurðarnefnd almannatrygginga, meðal annars við að undirbúa og semja drög að úrskurðum. Á árunum 2010 til 2012 starfaði hún í rúmlega eitt ár samhliða lögmennsku í hlutastarfi fyrir úrskurðarnefnd skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, einkum við að undirbúa og semja drög að úrskurðum nefndarinnar. Stendur hún öðrum umsækjendum framar í þessum þætti hæfnismats. Næst henni kemur Stefán sem starfað hefur hjá Vegagerðinni frá árinu 1992. Á starfstíma sínum þar hefur hann sinnt ýmsum stjórnsýslustörfum og starfað í nefndum á hennar vegum, eins og rakið er hér að framan. Á eftir honum kemur Berglind sem hefur starfað hjá umboðsmanni Alþingis í níu ár, þar af í fimm ár sem skrifstofustjóri. Samkvæmt lögum nr. 85/1997 um umboðsmann Alþingis er það hlutverk hans að hafa eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga eins og nánar greinir í lögunum. Á þeim vettvangi reynir mikið á stjórnsýsluréttinn og úrlausnarefni hans. Berglind hefur því öðlast mikla reynslu í stjórnsýslustörfum á starfsferli sínum hjá umboðsmanni Alþingis. Á eftir henni kemur Lárentsínus en aðrir umsækjendur hafa minni reynslu á þessu sviði.

### *5.5. Reynsla af fræðistörfum o.fl.*

#### *5.5.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf*

*Arnar* var fastráðinn sem sérfræðingur við lagadeild Háskólans í Reykjavík 15. október 2011 og er lektor við þá deild. Árin 2005 til 2009 sinnti hann að auki stundakennslu við Háskólann í Reykjavík og frá 2003 til 2011 sinnti hann stundakennslu við Háskóla Íslands. Þá hefur hann í minna mæli sinnt kennslu við Háskólann á Akureyri, Endurmenntun Háskóla Íslands og Lögregluskóla ríkisins. Á meðal námsgreina sem hann hefur kennt eru stjórnskipunarréttur, lagakenningar, almenn lögfræði og refsiréttur.

*Berglind* var hefur frá árinu 2008 verið stundakennari í opinberum starfsmannarátti á meistararstigi við lagadeild Háskóla Íslands og frá árinu 2012

annast stundakennslu í námskeiðinu mannauðstjórnun ríkis og sveitarfélaga við stjórnmálafræðideild sama skóla. Að auki hefur hún verið leiðbeinandi níu nemenda við lagadeild Háskóla Íslands við ritun BA-ritgerða og eins nemanda við ritun meistararitgerðar. Þá hefur hún frá árinu 2011 komið að kennslu á námskeiði í stjórnsýslurétti á vegum stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála. Hún hefur haldið fimm fyrirlestra, þ.á.m. fyrir nýliða í starfi hjá Háskóla Íslands og hjá Þjóðskjalasafni

*Hafsteinn* hefur frá árinu 2013 gegnt stöðu aðjúnkts við lagadeild Háskóla Íslands en sinnti þar áður stundakennslu í lögfræði við sama skóla árin 2009-2013. Á meðal námsgreina sem hann hefur sinnt kennslu í eru almenn lögfræði, inngangur að lögfræði, stjórnsýsluréttur, Evrópuréttur og lögskýringar, auk þess að vera leiðbeinandi með BA - ritgerðum. Þá hefur umsækjandinn komið að kennslu í stjórnsýslurétti fyrir opinbera starfsmenn.

*Lárentsínus* hefur annast kennslu í raunhæfum verkefnum við lagadeild Háskóla Íslands og einnig í eitt skipti komið að kennslu í samkeppnisrétti sem var valgrein á fimmta ári við skólann.

*Pétur* hefur starfað í tæp 11 ár sem háskólakennari og þar af í nær 9 ár við Háskóla Íslands, sem lektor frá 2007-2009 og sem dósent frá 2009. Áður og að hluta til samhliða starfaði hann í hlutastarfi við Háskólann á Akureyri sem lektor frá 2005-2009 og sem dósent frá 2009-2013. Áður hafði hann verið stundakennari við lagadeild HÍ í fimm ár og eftir það einnig við Háskólann á Bifröst í sex ár. Í HÍ hefur hann kennt á námskeiðum á sviði margra greina lögfræðinnar og á grunnnámskeiðum í B.A. námi. Þá hefur hann haldið fjölda fyrirlestra við nokkra erlenda háskóla auk hérlendra og jafnframt verið tilkvaddur sem sérfræðivitni fyrir dólmstóli í Englandi.

*Stefanía og Stefán* hafa ekki fengist við kennslu á háskólastigi.

Samkvæmt því sem að framan greinir hefur Pétur mikla reynslu af kennslu á háskólastigi og stendur öðrum umsækjendum framar í þessum þætti hæfnismats. Næstur honum kemur Arnar sem hefur verið stundakennari við Háskóla Íslands frá 2003 til 2011 og Háskóla Reykjavíkur frá 2005 til 2009 og er hann nú lektor við þann skóla. Reynsla annarra umsækjenda í þessum þætti er minni.

### *5.5.2. Útgefnar greinar og bækur, ritstjórн o.fl.*

*Arnar* hefur birt átta ritrýndar fræðigreinar, einkum á sviði lagakenninga og almennrar lögfræði, auk þess sem tvær fræðigreinar eftir hann bíða nú birtingar. Að auki hefur hann haldið fyrirlestra á opinberum vettvangi, þ. á m. á Lagadeginum. Þá gegnir hann stöðu ritstjóra tímarits Lögréttu.

*Berglind* hefur birt tvær ritrýndar fræðigreinar, báðar á sviði opinbers starfsmannaréttar. Þá ritaði hún nokkra kafla í bók um opinberan starfsmannarétt sem enn er í vinnslu en hefur verið gefin út í fjöldi til kennslu við lagadeild Háskóla Íslands. Þá sat hún í ritnefnd Afmælisrits Tryggva Gunnarssonar sem kom út árið 2015.

*Hafsteinn* hefur mikið sinnt fræðistörfum og ritstörfum um lögfræðileg efni á tiltölulega stuttum tíma, en eftir hann hafa birst ellefu ritrýndar fræðigreinar, flestar á sviði stjórnsýsluréttar en einnig á sviði almennrar lögfræði, lögskýringafræði og eignaréttar, auk þess sem tvær greinar eru í birtingarferli. Þá gaf hann í júlí 2015 út bókina „Að iðka lögfræði. Inngangur að hinni lagalegu aðferð“ og er hún ritrýnd. Þá hefur umsækjandinn haldið nokkra fyrirlestra á opinberum vettvangi, þ. á m. á Lagadeginum, Þjóðarspeglinum og á hátíðarmálþingi Orators.

*Lárentsínus, Stefánia og Stefán* hafa ekki komið að útgáfu fræðirita eða birt fræðigreinar um lögfræðileg efni.

*Pétur* hefur sinnt fræðistörfum og ritstörfum sem eru orðin allmikil að vöxtum. Ber þar fyrst að telja ritið „Þjóðaráréttur“, útg. 2011 en hann er annar tveggja höfunda þess. Hann hefur samið kennslurit, „Kaflar úr þjóðarárétti“ fyrir lagadeild HÍ og skrifað greinar í ritið „Rannsóknir í félagsvísindum VIII – lagadeild“. Þá hefur hann lagt fram með umsókn sinni 20 ritrýndar fræðigreinar sem hafa birst í tímaritum eða sem bókakaflar en þær eru allar á sviði alþjóðalaga og þjóðaréttar.

Samkvæmt framansögðu stendur Pétur fremstur umsækjenda í þessum þætti hæfnismats. Ritstörf hans eru umfangsmikil og hafa almennt ótvíráett fræðilegt gildi, en þau eru á sviði þjóðaréttar og alþjóðalaga. Næstur honum kemur Hafsteinn sem hefur verið mjög afkastamikill á stuttum tíma í ritstörfum sínum. Þar á eftir kemur Arnar og þá Berglind.

### *5.6. Reynsla af stjórnun*

*Arnar* var meðeigandi að lögmannsstofu í fimm ár og sinnti þar stjórnun og starfsmannamálum. Þá var hann settur skrifstofustjóri Hæstaréttar í two mánuði meðan hann gegndi starfi sem aðstoðarmaður dómara við Hæstarétt Íslands árið 2004. Þá hefur hann sem fastur starfsmaður lagadeildar Háskólans í Reykjavík tekið þátt í stjórnun deildarinnar.

*Berglind* hefur starfað sem skrifstofustjóri hjá umboðsmanni Alþingis sl. fimm ár. Í því starfi fellst m.a. dagleg stjórnun og umsjón með vinnslu þeirra mála sem eru til meðferðar hjá umboðsmanni og starfsmannamál, sbr. umfjöllun í 5.4. Þá hefur hún borið ábyrgð á þjálfun nýrra lögfræðinga og laganema sem hefja störf hjá embættinu.

*Hafsteinn* hefur starfað sem aðstoðarmaður umboðsmanns Alþingis og hefur í fjarveru skrifstofustjóra embættisins sinnt sambærilegum verkefnum og hann. Til stjórnunarstarfa má einnig telja verkefni, sem hann hefur innt af hendi sem umsjónarkennari.

*Lárentsínus* kom að starfsmannamálum í starfi sínu á lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins. Hann sá um starfsmannamál ásamt meðeiganda sínum á Lögfræðiskrifstofu Suðurnesja hf. árin 1994 til 2006. Hann sat í stjórn Lögfræðistofu Reykjavíkur og hafði umsjón með vinnu löglærðra fulltrúa. Hann var æðsti yfirmaður starfsmanna skilanefndar Landsbanka Íslands hf. frá júnílokum 2009 til ársloka 2011 þar sem störfuðu um 150 manns flest í London og á Íslandi. Lárentsínus var formaður Lögmannahélags Íslands í tvö ár. Þá gegndi hann formennsku í nokkrum nefndum, sbr. 5.4.

*Pétur* var skrifstofustjóri Héraðsdóms Reykjavíkur í afleysingum sumarið 2004. Hann var formaður rannsóknar- og meistaránámsnefndar lagadeildar Háskóla Íslands í tvö ár. Hann var formaður siðanefndar Háskólans á Akureyri í þrjú ár og brautarstjóri laganáms þar árin 2005-2007. Þá hefur stjórnun verið fastur þáttur í starfi hans sem fastráðins háskólakennara.

*Stefanía* stjórnaði með öðrum störfum sínum rannsókn löggreglu í tilteknum brotaflokkum í tæp tvö ár. Í starfi hjá ríkissaksóknara sl. þrjú ár hefur hún gefið rannsóknarfyrirmæli í tilvikum þar sem ákvarðanir löggreglu hafa verið felldar úr

gildi. Meðal stjórnunarstarfa má einnig telja störf í hverfiskjörstjórn við þrennar almennar kosningar.

*Stefán* ber stjórnunarlega ábyrgð á úrlausn lögfræðilegra álitaefna í starfi sínu hjá Vegagerðinni. Stjórnunarreynslu hefur hann einnig á sviði starfsmannamála og skjalavistunar.

Samkvæmt framangreindu stendur Lárentsínus öðrum umsækjendum framar í þessum þætti hæfnismats vegna reynslu sinnar af stjórnun og starfsmannamálum í rekstri lögmannsstofu og í störfum sínum fyrir skilanefnd Landsbanka Íslands. Ekki er gert upp á milli annarra umsækjenda að þessu leyti.

#### *5.7. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.*

*Arnar* hefur komið að samningu ýmissa reglugerða á starfstíma sínum í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu á tímabilinu 1999-2000. Þar vann hann við úrskurði og skýrslugerð og var meðhöfundur að allnokkrum stjórnsýslufyrirmælum.

*Berglind og Hafsteinn* hafa ekki fengist við störf af þessum toga.

Lárentsínus var varaformaður Rannsóknarnefndar sjóslysa 2000 til 2006. Hann hefur gegnt störfum sem dómkvaddur matsmaður og setið í gerðardómi. Þá hefur hann reynslu af störfum við fasteignasölu sem löggiltur fasteignasali árin 1999 til 2002.

*Pétur* hefur samið reglur fyrir Háskólann á Akureyri.

*Stefanía* sat sem fulltrúi löggreglustjóra í samráðshópi á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytis við frumvarpsgerð.

*Stefán* hefur í tengslum við stjórnsýslustörf sín hjá Vegagerðinni veitt umsagnir um lagafrumvörp og reglugerðir og komið að samningu nokkurra laga og stjórnsýslufyrirmæla.

Lárentsínus og Stefán standa öðrum umsækjendum framar í þessum þætti og er ekki tilefni til að gera upp á milli þeirra.

### *5.8. Almenn starfshæfni og andlegt atgervi*

Í 3. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að við mat á almennri starfshæfni skuli litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Þá kemur fram að umsækjandi skuli hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti. Ennfremur er tekið fram í 5. tölulið 4. gr. reglnanna að umsækjandi þurfi að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð sé krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.

Í auglýsingum um hið lausa dómaraembætti var óskað eftir því að umsækjendur tilnefndu two meðmælendur. Í 5. gr. reglna nr. 620/2010 kemur fram að dómnefnd geti aflað vitneskju um starfsferil umsækjanda hjá fyrri vinnuveitendum hans og öðrum sem átt hafi samskipti við umsækjanda vegna starfa hans.

Dómnefndin lagði til grundvallar umsagnir þeirra er umsækjandinn hafði tilnefnt sem meðmælendur en þeir eru: Guðrún Erlendsdóttir, fyrrverandi forseti Hæstaréttar, og Ingimundur Einarsson dómstjóri við Héraðsdóm Reykjavíkur, gáfu umsögn um Arnar Þór Jónsson og Róbert R. Spanó, dómari við Mannréttindadómstól Evrópu og Tryggvi Gunnarsson umboðsmaður Alþingis, gáfu umsagnir um Berglindi Báru Sigurjónsdóttur og Hafstein Dan Kristjánsson. Um Lárentsínus Kristjánsson gáfu Benedikt Bogason, dómari við Hæstarétt Íslands, og Símon Sigvaldason, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, umsögn og vegna Péturs Dam Leifssonar veittu Barabara Björnsdóttir, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, og Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, umsögn sína. Hvað varðar Stefaníu G. Sæmundsdóttur þá aflaði dómnefndin umsagnar Steinunnar Guðbjartsdóttur hrl. og Sigríðar J. Friðjónsdóttur ríkissaksóknara. Rétt er að taka fram að í þeim eftum vísaði Sigríður til fyrri umsagnar sinnar um Stefaníu, dags. 11. febrúar 2015. Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri, og Gunnar Gunnarsson, aðstoðarvegamálastjóri, gáfu umsögn um Stefán Erlendsson.

Dómnefndin hefur haft umsagnir þessara meðmælenda, sem allar eru jákvæðar í garð hlutaðeigandi umsækjenda, til hliðsjónar við mat sitt. Af umsögnunum og viðtöllum við umsækjendur verður ráðið að allir umsækjendur

uppfylli lágmarkskröfur og að reglusemi þeirra sé í engu ábótavant, sbr. 3. og 5. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010.

#### *5.9. Sérstök starfshæfni*

Í 4. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að mikilvægt sé að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi. Miðað við þessar forsendur og með vísan til alls þess sem að framan greinir telur dómnefnd að allir umsækjendur fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru til héraðsdómara í þessum eftirnum.

### **6. Niðurstaða dómnefndar**

Hér að framan hefur verið fjallað sérstaklega um þau sjónarmið sem dómnefnd ber að líta til við störf sín skv. 4. gr. reglna nr. 620/2010. Þessi sjónarmið hljóta eðli máls samkvæmt að hafa ólíkt vægi innbyrðis, en ekkert eitt þeirra getur ráðið niðurstöðu. Þótt almennt verði að telja umsækjanda til tekna fjölbreytta starfsreynslu er meginmarkmiðið með störfum dómnefndar að finna hverjir umsækjenda séu hæfastir til að gegna embætti héraðsdómara. Við mat á því að hve miklu leyti starfsreynsla umsækjenda nýtist í störfum héraðsdómara skiptir mestu máli að þeir búi yfir staðgöðri reynslu af dómstörfum, lögmannsstörfum og þeim stjórnsýslustörfum sem lúta að úrlausn ágreiningsmála. Einnig hvort þau verkefni, sem umsækjendur hafa fengist við, séu fjölbreytileg, svo sem hvort þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði. Þá vegur reynslan af fyrstu starfsárunum í hverju starfi að öðru jöfnu tiltölulega þyngst í þessu sambandi, þannig að síður er ástæða til að gera upp á milli umsækjenda með langa starfsreynslu að baki þótt einn þeirra hafi gegnt starfi nokkru lengur en annar.

Niðurstaða dómnefndar er byggð á heildstæðu mati á verðleikum umsækjenda og skiptir þar mestu máli að umsækjandinn hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun, þekkingu og færni. Farsael starfsreynsla og fjölbreytileiki

hennar getur gefið mikilsverðar vísbendingar í því efni, en þar koma þó önnur atriði einnig til álita, ekki síst reynsla af lögfræðilegri greiningu. Dómnefnd hefur í mati sínu á hæfni umsækjenda, rétt eins og í fyrri álitum, ekki farið út í alltof nákvæmt mat vegna þess að afar erfitt er að halda samræmi þegar svo er að verki staðið þar sem matsgrundvöllurinn er bæði fjölpættur og margbrotinn.

Mat dómnefndar er byggt á öllum þeim þáttum sem raktir hafa verið hér að framan í köflum 5.1.–5.9. Það er álit nefndarinnar að allir umsækjendur fullnægi þeim kröfum sem gera verður til héraðsdómara.


Þegar litið er til alls þess sem að framan greinir er það niðurstaða dómnefndar að Arnar Þór Jónsson, Lárentsínus Kristjánsson og Pétur Dam Leifsson séu hæfastir umsækjenda til að gegna starfi héraðsdómara. Telur dómnefnd ekki efni til að gera upp á milli hæfni þeirra.

Starfsreynsla þeirra Arnars og Péturs er að miklu leyti á sömu sviðum. Þeir hafa báðir sinnt kennslu á háskólastigi og fræðistörfum þótt í mismiklum mæli sé. Ef litið er sérstaklega til dómstarfa þá hefur Arnar það umfram Pétur að hafa verið aðstoðarmaður dómara við Hæstarétt Íslands, sbr. lið 5.2., en að öðru leyti hafa þeir áþekka reynslu af dómstörfum. Lárentsínus hefur umfangsmikla og langa reynslu af lögmannsstörfum, Arnar hefur einnig töluverða reynslu af lögmannsstörfum, en Pétur enga, sbr. lið 5.3. Pétur stendur þeim Arnari og Lárentsínusi mun framar í þeim þáttum hæfnismats, sem varða menntun, kennslu á háskólastigi og fræðistörf, sbr. liði 5.1., 5.5.1. og 5.5.2. Lárentsínus stendur þeim Arnari og Pétri framar í þeim þáttum sem varða stjórnsýslu, stjórnun og reynslu af öðrum störfum sem nýtast dómaraeftni, sbr. liði 5.4., 5.6. og 5.7. Að virtum þessum niðurstöðum eru ekki efni til að gera upp á milli hæfni annarra umsækjenda.

Ályktarorð:

Með vísan til 2. mgr. 4. gr. a, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla, er það niðurstaða dómnefndar að af þeim umsækjendum sem sækja um skipun í embætti dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur séu Arnar Þór Jónsson, Lárentsínus Kristjánsson og Pétur Dam Leifsson hæfastir til að hljóta skipun í embættið. Dómnefnd telur ekki efni til að gera upp á milli hæfni þeirra.

Reykjavík, 1. september 2015




Eggert Óskarsson



Guðrún Björk Bjarnadóttir



Páll Þórhallsson



Jakob R. Möller



Anna Mjöll Karlsdóttir